

Stjórnarfundur Vísindagarðsins ehf. 5. júlí 2024

Fundarstaður: Um fjarfundarbúnað (Teams).

Mætt: Björn Ingimarsson (BI), formaður, Steinunn Sigvaldadóttir (SS) og Ragnar Sigurðsson (RS).

Björn Ingimarsson ritaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 11:00.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Stofnun samvinnuseturs á Egilsstöðum

Fyrir lá kynning varðandi stofnun samvinnuseturs á Egilsstöðum og valkostum á mögulegri aðkomu Vísindagarðsins að verkefninu.

Eftir nokkrar umræður var samþykkt að fara í vinnu við endurhönnun húsnæðis Vísindagarðsins að Tjarnarbraut 39 með það að markmiði að hægt verði að koma til móts við hugmyndir varðandi framtíðaraðstöðu fyrir samvinnusetur á Egilsstöðum m.a..

2. Önnur mál

BI gerði grein fyrir því að umsjón með húsnæði Vísindagarðsins væri komin í hendur eignasviðs Múlaþings og yrði formlegt samkomulag þar um lagt fyrir stjórn er það lægi fyrir. Einnig kom fram að umtalsverður vatnsleki hefði komið upp út frá tækjabúnaði á kaffistofu í E-húsi (Austurbrú) og hefði starfsfólk eignasviðs brugðist við vegna þessa og verið í samskiptum við tryggingafélag vegna málsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:25.